


„Ég set fígúrur úr goðafræðinni ávallt í nútímalegt samhengi."

Frásögn/ástand

„Nú er ávallt ákveðin afgerandi frásögn í verkum þínum?"

„Verk mín byggjast yfirleitt upp á einhverju sem við getum kallað frásögn en sem er í senn ástand og frásögn. Þetta á ekki að vera lýsing, heldur vil ég reyna að teygja á frásögninni ef við getum orðað það þannig og koma á einhvers konar lestrarferli. Við getum kannski nefnt þetta skýrslu! Þá vil ég að þetta ástand/frásögn sé opið fyrirbæri sem hafi sinn óskilgreinda aðdraganda. Og einnig að það gefi í skyn að eitthvað eigi eftir að gerast. Kunningjar mínir í Hollandi sögðu að ég yrði að útfæra þessar hugmyndir í kvikmynd svo þetta ástand gæti hreyfst og þannig komið af stað raunverulegri frásögn. Við getum kannski sagt að þetta séu ástandsmyndir!"

„Getur þú nokkuð gert betur grein fyrir þessu „ástandi" sem þú talar um?"

„Við getum kannski sagt að það sé í senn mótsagnakennt og eðlilegt. Sjáðu til, ég nota oft ákveðnar þekktar fígúrur úr goðafræðinni í verkum mínum en ég set þær þó ávallt í nútímalegt samhengi. Kentárinn fær kannski kampavínsglas í hendina. Þannig rennur sagan, fantasían og raunveruleikinn saman í eitt. Og í raun getum við ennfremur talað um samruna efnisáferðar og myndefnis því ég reyni ávallt að mála efnislega í takt við inntakið."


„Getur þú tekið dæmi um þetta „ástand"?"

„Sjáðu t.d. þessa mynd hérna (mynd nr. 1). Hér eru mennirnir í furðulegu ástandi, kannski fullir. Ef úlfaldinn væri hins vegar eðlilegur þá væri hann hálfasnalegur, ekki satt. Þannig að ég gerði hann í samræmi við allt „ástandið" í myndinni, hann er með vindil og einn öfugan fót! Það var annars dálítið skrýtið sem kom fyrir þegar ég var búinn með þessa mynd. Mér fannst allt í einu að þetta væri „Innreiðin í Jerúsalem" þar sem Kristur sæti á úlfaldanum. Ég hljóp strax og náði í biblíuna, fletti upp í bókinni og svo einkennilega vildi til að ég lenti einmitt á þeim kafla í biblíunni!"


„Þegar maður skoðar myndir þínar eru þær æði fjölbreytilegar en þó ávallt keimlíkar, hvað er stíll að þínu mati?"

„Stíllinn (löng þögn) er þetta djúpa ego, — þar sem enginn er eins."

G.B.K.




„Háðið er ekki gert vísvitandi."





„Maður hleðst upp af ákveðnum upplýsingum, þetta form sá ég í glugga."
Ljósm. GBK.

OSBORNE



OSBORNE er einstakur tölvukostur fyrir stofnanir, skóla, námsmenn, sérfræðinga og alla þá sem vilja ná hámarks árangri, án of mikils tilkostnaðar.

Í verði OSBORNE tölvunnar er innifalinn hugbúnaður að andvirði 32.000 kr.
Hugbúnaður er:
Stýrikerfið CP/M 2.2.
Forritunarmálið MBASIC,
CBASIC–II,
Áætlanagerðarforritið SUPERCALC,
Ritvinnsluforritið WORDSTAR og
Póstlistaforritið MAILMERGE.

Að auki er úrval forrita í boði, framleiðendur hennar gefa út OSBORNE-tímarit, tölvuskólinn FRAMSÝN og tölvufræðsla SFI bjóða námskeið í: ritvinnslu, áætlanagerð m/SUPERCALC, forritun í BASIC og notkun stýrikerfisins CP/M.

OSBORNE hefur innbyggt: Tölvuskjá, lyklaborð, 2 diskettustöðvar og 64 RAM vinnsluminni, Z80A örtölvu.

Þar sem OSBORNE er einstaklega hentugt og hagkvæmt atvinnutæki hafa margir háskólakennarar valið hana í sína þjónustu.

Prentarar við OSBORNE kosta frá 14.000 kr., en DAISYWRITER 2000 Ritvinnsluprentari kostar 37.000 kr., og STROBE Litateiknari kostar 39.500 kr.

Með leturhjólsprentaranum DAISYWRITER 2000, er OSBORNE eitt fullkomnasta og ódýrasta ritvinnslukerfi sem völ er á (80.000 kr).

Með litateiknaranum STROBE M100 getur OSBORNE sett upp eplakökur, súlurit og fl. í lit á A4 blöð eða glærur.

OSBORNE verður fljótlega fáanleg með UCSD- p System stýrikerfi og getur þá keyrt FORTRAN-77.

OSBORNE kostar 43.819 kr. (USD = 18.7)



Símar: 82980 & 82055